

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

25. október 2018

Umsögn Samorku: Áform um frumvarp um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um mengun og úrgang

Með vísan í tilkynningu í Samráðsgátt stjórnvalda, dagsett þann 9. október síðastliðinn þar sem óskað var eftir umsögnum um áform um frumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um mengun og úrgang, þá veitir Samorka hér umsögn sína.

Fram kemur í umsagnarbeiðninni að í frumvarpinu sé lagt til að stjórnvöld fái „heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um meðhöndlun úrgangs.“ Þá verða með frumvarpinu einnig gerðar ýmsar breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um markmið lagasetningarinnar kemur fram að það sé „að bæta framkvæmd og eftirfylgni laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um meðhöndlun úrgangs“. Undir þessi markmið tekur Samorka og þakkar umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fyrir samráðið í málinu. Jafnframt lýsa samtökin sig viljug til að funda með ráðuneytinu um málið ef eftir því er óskað.

Það er mat Samorku að það sé ávallt til fyrirmyndar og í takt við nútímann þegar ríkisstofnanir bjóða upp á rafræn gagnaskil. Þannig fagna samtökin því að það verði ávallt mögulegt að skila útstreymisgögnum og öðrum gögnum úr grænum bókhaldskerfum með rafrænum hætti til Umhverfisstofnunar. Þar er einnig mikilvægt að tryggja að skil hvers árs séu sem skilvirkust og ekki þurfi að fylla inn lið fyrir lið ýmsar upplýsingar sem óbreyttar eru á milli ára.

Í áformunum er lagt til að stjórnvaldssektum verði beitt til að tryggja að farið verði eftir lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samorka minnir á mikilvægi þess að stíga varlega niður til jarðar við ákvörðun fjárhæða og að þær verði miðaðar við alvarleika brota.

Fram kemur í áformunum að í frumvarpinu sé „fyrirhugað að leggja til að Umhverfisstofnun fari með heimildina til þess að leggja á stjórnvaldssektir“. Fyrir orku- og veitufyrirtækin eru heilbrigðiseftirlitin leyfisveitandinn og að mati samtakanna er ekki eðlilegt að heimild stjórnvalda til að leggja á stjórnvaldssektir, sé sett í hendurnar á Umhverfisstofnun, sem eðli málsins samkvæmt getur haft mun minni þekkingu á þeim málum sem fjalla á um.

Boðað er að ákvæði laganna um hlutverk heilbrigðisnefnda og framkvæmdastjóra þeirra verði skýrð nánar. Að okkar mati hefði verið jákvætt ef nánar hefði verið útskýrt hvað í þessu fælist og nánar væri farið yfir á hvaða hátt ætti að breyta lagatextanum.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Páll Erland". The signature is written in a cursive style with a long horizontal stroke at the end.

Páll Erland,
framkvæmdastjóri